

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísfélag Vestmannaeyja Þórshöfn



| | | | |
|----------------------------|-----------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 7.10.2015 | Fulltrúi UST | Halla Einarsdóttir |
| Fyrirtæki | Ísfélag Vestmannaeyja | Fulltrúi UST | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Heimili | Eyrarvegur 16 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 6601691219 | Flokkur | Fiskimjölverksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Rafn Jónsson | ÍSAT nr. | 15.20.7 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Kristinn Lárusson | Staðsetning | 664973,026 638339,856 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram 2 ný frávik frá starfsleyfi er varða ryk í útblæstri frá olúkötlum og frágang við lekavarnarþró.

Eldra frávik varðandi brennslu úrgangsolíu er í eftirfylgni, en kæra rekstraraðila varðandi frávikid er í meðferð hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Dagsektir voru lagðar á frá 17. ágúst sl. en úrskurður um frestun réttaráhrifa kom frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindaráðuneytisins 15. október sl. og hefur álagningu dagsekta því verið frestað.

Auk þess voru gerðar tvær athugasemdir vegna frágangs við fitugildru og að útstreymisbókhaldi var skilað of seint.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að fara yfir gagnaskil samkvæmt starfsleyfinu. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar var afhent í eftirlitinu og send í tölvupósti 8. okt sl. Hreinlætisáætlun til að sporna gegn lykt, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar eru í rekstrarhandbók. Minnt var á mikilvægi þess að hafa viðbragðsáætlun sýnilega í verksmiðjunni og hafa númerið 112 áberandi í skjalinu. Staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar var afhent í eftirlitinu. Græna bókhaldi var skilað til stofnunarinnar á tilsettum tíma. Útstreymisbókhald hafði ekki borist stofnuninni þegar eftirlitið fór fram. Eftir eftirlitið sendi rekstraraðili tölvupóst þar sem fram kemur að losun fyrirtækisins sé undir þröskuldsgildum reglugerðar 990/2008 um útstreymisbókhald.

Farið var yfir skráningar samanber grein 3.1 í starfsleyfi.

Vel er haldið utan um skráningar í rekstrarhandbókinni. Daglegt eftirlit (sjónskoðun) er með fitugildru en hún var síðast tæmd í vor (9. maí) og úrgangsolía var síðast tæmd í janúar 2015. Lítið fellur til af úrgangi í verksmiðjunni þar sem að flest er endurnýtt í verksmiðjunni. Sá úrgangur sem fellur til er flokkaður og Íslenska Gámafélagið tekur við honum. Gert er grein fyrir úrgangi og efnanotkun í græna bókhaldinu. Vel er haldið utan um skráningar á þrifum samkvæmt hreinlætisáætluninni.

Þá var farið yfir eftirlitsmælingar (grein 3.2 í starfsleyfi).

TVN skýrslur voru sendar eftirlitsaðila fyrir vinnslu ársins 2015 í tölvupósti 5. október sl. TVN í hráefni hefur verið innan starfsleyfismarka á árinu. Skýrslur um frárennslismælingar og rykmælingar í skorsteinum voru afhentar í eftirlitinu en mælingarnar voru gerðar á meðan á loðnuvertíðinni stóð í vor. Frárennslismælingar og útblásturshraði í skorsteinum eru innan starfsleyfismarka en ryk er yfir starfsleyfismörkum. Hávaðamælingar voru gerðar degi eftir að eftirlitið fór fram og niðurstöðurnar sendar í tölvupósti 16. október sl. Hávaði mælist undir viðmiðunarmörkum reglugerðar 724/2004 um hávaða. Að lokum var minnt á heildarúttekt í frárennslis en niðurstöðum úttektarinnar á að skila fyrir 1. maí 2016.

Að loknum eftirlitsfundi var gengið um verksmiðjuna og lóðina. Verið var að ljúka vinnslu svo að þrif í verksmiðjunni stóðu yfir þegar eftirlitið fór fram.

Frávik frá

Grein 2.9 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Ryk í útblæstri mælist 138-145 mg/Nm³ sem er yfir starfsleyfismörkum (100 mg/Nm³).

Grein 2.21 í starfsleyfi

Ganga þarf betur frá lekavarnapró lýsisgeyma. Við innkeyrslu próarinnar (milli lýsistanks og verksmiðjuhúss og í norðurenda próarinnar) eru viðarborð sem ekki eru nægilega þétt ef til leka kæmi.

ATHUGASEMDIR

Skpta þarf út eða laga grind yfir fitugildru þar sem að hún er orðin löskuð.

Útstreymisbókhalda hafði ekki verið skilað þegar eftirlitið fór fram. Rekstraraðili er minntur á að útstreymisbókhalda eða upplýsingum um að losun sé undir þröskuldsgildum reglugerðar 990/2008 um útstreymisbókhalda (núllskýrslu) á að skila fyrir 1. maí ár hvert. Núllskýrslu útstreymisbókhalda var skilað 16. október sl.

ANNAÐ

Bent var á að gera neyðarnúmerið 112 áberandi í viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda.

Minnt var á að starfsleyfi Ísfélags Þórshafnar er fyrir framleiðslu allt upp að 1100 tonn/sólarhring með fyrirvara um að framleiðsla yfir 950 tonn/sólarhring framleiðsluaukningin sé ekki matskyld að mati Skulagsstofnunar.

Rekstraraðili hefur unnið að endurbótum í verksmiðjunni. Búið er að skipta út þremur þurrkurum og setja tvo nýja í þeirra stað.

Reykjavík, 21.10.2015



Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.